

Bakgrunnsupplýsingar

Nemendum í 4.-5. bekk er kennt í samkenndu og eru þrjú umsjónarhópar með 61 nemendum, 33 drengir og 28 stúlkur. Umsjónarkennarar eru: Íris Þórarinsdóttir með Heiðlóur, Kristbjörg Eyjólfsdóttir með Kríur og Karlotta Sigurbjörnsdóttir með Álftir. Stuðningsfulltrúi er Gayane Kharatian, Helga Þórhallsdóttir og Kolbrún Karlsdóttir. Kennarar í hringekju eru Harpa Magnúsdóttir (smíði og hönnun), Margrét Þórólfsdóttir (textil), Natalya Gryshanina (heimilisfræði), Sívía V Björgvinsdóttir (leir og föndur) og Eric Farley Hearn (myndlist). Íþróttakennarar eru Ásgerður Bjarklind Bjarkadóttir, Einar Árni Jóhannsson, Rafn Markús Vilbergsson, Skúli Sigurðsson og Þórir Rafn Hauksson.

Skipting kennslustunda

Íslenska – 5. bekkur 8 stundir/ 4. bekkur 7- stundir

Stærðfræði 5- stundir

Náttúru- og umhverfismennt 5. bekkur 3 stundir/4. bekkur 2- stundir

Samfélags- og trúarbragðafræði – 5. bekkur 4 stundir/4. bekkur 3- stundir

Lífsleikni 1- stund

Tónmennt 1- stund

Enska – 5. bekkur 2 stundir/4. bekkur 1- stund

Upplýsinga- og tæknimennt 1- stund

Listgreinar 4- stundir

Hönnun og smíði - 1 stund

Heimilisfræði 1- stund

Íþróttir og sund 3- stundir

Kennari: umsjónarkennarar og Katrín Baldvinsdóttir 1 tími.

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta.
- geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið.
- velji sér bækur, af skólasafni eða annars staðar frá, til að lesa sér til ánægju.
- nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta.
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og ljóðstafir og taktur
- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum
- læri að þekkja nafnorð s.s. kyn, tölu, fallbeygingu o.s.frv.
- læri að þekkja lýsingaorð og sagnorð
- læri að greina aðalatriði í texta og fara eftir stafsetingarreglum
- í 4. bekk nái að lesa 180-230 atkv. á mín. í lok skólaársins
- í 5. bekk nái að lesa 230-300 atkv. á mín. í lok skólaársins

Námshögn:

- lestur: lestrarbækur með/án vinnubóka við hæfi hvers og eins
- skrift: Skrift 4 og 5

- ritun: Ritun, Skinna, Skræða og verkefni fyrir réttitunarorðabók
- málfræði: Málrækt I, II og III, Mál til komið og Mál í mótun
- auk krossgátuhefta og annarra ljósrita frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- ritun, safnfræðsla, samvinnunám, sýnikennsla, söngur og umræður.

Námsmat:

- lestur: prófað er í hraðlestri fjórum sinnum á skólaárinu. Einkunn gefinn í fjölda atkvæða lesin á mínútu. Tvisvar í lesskilningi.
- skrift: skriflegt próf tvisvar, í lok hvernar annar, einkunn gefin í tölum, verkmöppumat kennara.
- ritun: metin er kunnátta nemenda út frá markmiðum Aðalsnámskrár grunnskóla á námsframvinda á Mentor
- málfræði: skriflegt málfræðipróf lagt fyrir í lok annar og fjórar kannanir yfir skólaárið.
- stafsetning: fjórar kannanir lagðar fyrir yfir skólaárið, bæði undirbúnar og óundirbúnar, próf í janúar og maí, einkunn gefin í tölum
- ljóð: nemendur læra a.m.k. 5 ljóð utanbókar, einkunn lokið/ólókið

Stærðfræði 4.-5. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar og Katrín Baldvinsdóttir

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- læri hlutföll og prósentur
- læri að leysa þrautir
- kynnist mynstri og algebru
- geti nýtt sér helstu reikniaðferðir
- læri að þekkja hugtök eins og flatarmál og ummál.
- nái tókum á því að tengja stærðfræði við daglegt líf

Námsgögn:

- Sproti 4a og 4b og Stika 1a og 1b ásamt öðrum stærðfræðibókum og ljósritum (t.d. Húsaheftin) frá kennara
- Við stefnum á margföldun
- Við stefnum á deilingu
- Vasareiknir 1-5
- Stjörnuætur, Merkúrísus, Venus, Mars og Júpíter

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, samvinnunám, umræður, viðfangsefni tengd daglegu lífi, vinnubókarkennsla og þrautalausnir

Námsmat:

- kannanir – námsefninu er skipt upp í lotur og fer hver nemandi á sínum hraða eftir getu. Eftir hverja lotu er könnun þar sem nemandinn þarf að ná að lágmarki 7.0 til að halda áfram. Ef nemandi nær ekki lágmarkinu fær hann frekari þjálfun. Gildir 50 %
- frammistöðumat – vinnusemi og áhugi metinn. Gildir 10 %
- verkmöppumat – verkefnum er safnað í möppu sem er metin til lokaeinkunnar á haust- og vorönn. Gildir 20 %
- lokapróf – nemendur þreyta lokapróf í lok annar sem eru unnin úr markmiðum árgangs. Gildir 20%.

Þema 4.-5. Bekkur (Trúarbragðar-, náttúru- og samfélagsfræði)

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- fáist við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu
- ræði um breytingar á nánasta umhverfi sínu
- átti sig á að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið
- læri um eldvirkni og jarðhræringar á Íslandi
- fái innsýn í mannkynssöguna

Námsgögn:

- Komdu og skoðaðu sögu mannkyns (náttúru- og samfélagsfræði)
- Æsa og Gauti (náttúrufræði)
- Komdu og skoðaðu fjöllin (landafræði)
- Birtan og annað efni (trúarbragðafræði)
- Komdu og skoðaðu tæknina (náttúrufræði)
- Komdu og skoðaðu hringrásir (náttúrufræði)
- Tilraunir

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fræðslumyndir, hópverkefni, ritun, samvinnunám, tjáning og vettvangsferðir

Námsmat:

- verkmöppumat, gildir 50% af lokaeinkunn.
- frammistöðumat, gildir 20% af lokaeinkunn.
- kannanir – skriflegar og verklegar, gildir 30% af lokaeinkunn.
- einkunn gefin í tölum í lok annar

Umhverfismennt

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- kunna að flokka úrgang sem fellur til á heimilum og skilja tilganginn með flokkuninni
- geri sér grein fyrir hvernig hægt er að spara orku
- geri sér grein fyrir mismunandi verðurfari

Námsgögn:

- fræðslumyndir, ljósrit frá kennara ofl.

Kennsluaðferðir:

- fræðslumyndir, sköpun, umræður og vettvangsferðir

Námsmat:

- frammistaða og virkni metin jafnt og þétt yfir veturinn. Engin einkunn gefin.

Lífsleikni 4.-5. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- læri virðingu, ábyrgð og vinsemd

Námsgögn:

- verklegar æfingar í stuðningi við jákvæða hegðun
- ljósrituð verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð:

- hlutverkaleikir, hópverkefni, umræður, verklegar æfingar og vettvangsferðir.

Námsmat:

- frammistöðumat – virkni, vinnusemi og áhugi metinn með munnlegri umsögn.

Tónmennt

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- læri að syngja íslensk og erlend lög

Námsgögn:

- tónmenntavefurinn
- ýmis verkefni frá kennara og ljósrit

Kennsluaðferðir:

- hlustunarefni, sköpun og söngur.

Námsmat:

- frammistaða og virkni nemenda metin reglulega yfir skólaárið með umsögn.

Enska 4.-5. bekkur

Kennari: Íris Þórarinsdóttir og Karlotta Sigurbjörnsdóttir

Almenn markmið

Stefnt er að því að nemendur:

- skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg
- geti lesið einfaldar setningar
- geti gefið einfaldar upplýsingar um sig sjálfa
- geti tekið þátt í einföldum samskiptum

Námsgögn:

- 4. bekkur: Work out og Speak out – fyrri hluti. Hickory, Dickory, Dock. Aukaefni frá kennara.
- 5. bekkur: Speak out og Work out – seinni hluti. Aukaefni frá kennara.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, dans, hlustunarefni, ritun, söngur, tjáning, tónlist, umræður, utanbókarnám og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- kannanir, gilda 50% af lokaeinkunn
- frammistöðumat 20%
- lokapróf 30%
- einkunn gefin í tölum

Upplýsingarmennt

Kennari: umsjónarkennarar

Almenn markmið

Stefnt að því að nemendur:

- læri grunnatriði í fingrasetningu á tölvu

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Fingrafimi, Ritum rétt, ritun, sýnikennsla, upplýsingartækni og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum, virkni og verkefnaskil. Umsögn í lok annar

Hringekja:

Listgreinar, hönnun og smíði auk heimilisfræði er kennt í hringekju. Nemendur fara í 12 vikur í senn, 2 tíma í viku í hringekjutíma. Hringekjutímar eru tvisvar sinnum í viku.

Umsagnir sem notaðar eru í námsmati í hringekju eru:

- Settu marki náð: nemandi stendur sig vel og hefur náð settum markmiðum
- Framvinda góð: stutt er í að nemandi nái settum markmiðum
- Á réttri leið: nemandi er komin vel af stað að ná settum markmiðum
- Þarfnast frekari þjálfunar: nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná settum markmiðum

Leir og List

Kennari: Sívía V. Björgvinsdóttir

Almenn markmið:

- Að þekkja og vinna með fjölbreytt efni og verkfærni til höggmynda gerðar.
- Að móta einfalt þrívíð form.
- Að þekkja ýmsa listamenn og þrívítt listdæmi.
- Að geta lýst munnlega skoðun sinni á mynd.
- Að ganga vel frá verkefnum, efnum og áhöldum.

Námsgögn:

- „Sculptural Materials in the Classroom“. Peter Clough.
- Ýmis konar leir og efni til höggmyndagerðar, t.d. plast, málma, málmvír, tré og fl.
- Efni frá kenara

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- Bein kennsla (einstaklingskennsla), fyrirlestrar og sýnikennsla

Námsmat:

- kennari metur í kennslustundum verkfærni, áhuga og umgengni.
- frammistöðumat – nemendur metnir eftir frammistöðu og fá umsögn í lok skólaárs

Myndlist 4-5 bekkur

E.F. Hearn

Almenn markmið

Að nemandi:

- þekki hugtakið rými með áherslu á umhverfið og vinni með það í myndsköpun sinni
- útfæri myndir og fléttur bæði í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- þekki virkni ljóss og skugga í umhverfinu og geti tjáð uppgötvanir sínar á einfalda hátt í eigin verkum
- geri sér grein fyrir verðmæti og eiginleikum efna sem unnið er með hverju sinni
- kanni möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt í myndverkum sínum

- geti skapað hreyfingu og kyrrð með ólíkum útfærslum línunnar, t.d. láréttum og lóðréttum
- þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- geti lýst munnlega grunnþáttum myndlistar á einfaldan hátt s.s. línunotkun, þeim formum sem birtast í verkinu, litanotkun, hvaða efni verkið sé unnið úr, gerð þess og byggingu
- þekki hugtökin handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst

Námsgögn:

- Margvíslegar tegundir pappírs, litir, vatnslitir, málning, kol, blek, lím, leir og ýmiss önnur verkfæri, áhöld og efni til myndlistar.

Kennsluáðferðir og vinnubrögð :

- bein kennsla, fyrirlestrar og sköpun
- Í kennslu myndlistar á yngsta stigi er leitast við að tengja viðfangsefnin nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Til að örva sjálfstæði nemandans í vinnubrögðum er boðið upp á fjölbreyttar leiðir til úrvinnslu og útfærslu verkefna. Lögð verður mikil áhersla á að þjálfa fin- og grófhreyfingar, jafnframt skapandi vinnu.
- Börn á yngsta stigi hafa ríka tjáningarpörf og verður lögð áhersla á að þau geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemandi geti lýst munnlega og skriflega merkingu verks að hans mati, t.d. ást, fegurð, hræðslu, hatri, æsing, kulda, einmanaleika, gleði o.s.frv.

Námsmat:

Símat og sjálfsmat, auk þess er virkni, sjálfstæð vinnubrögð, frumleiki og vinnusemi tekin inni námsmatið.

Textíl

Kennari: Margrét Þórólfsdóttir

Almenn markmið

Að nemandi:

- þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og síkksakk á saumavél
- þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með
- noti útsaum til skreytingar
- byrji að tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð
- að sauma eftir einföldu munstri
- geri sér grein fyrir samspili vefjarefna, lita og forma í textílvinnu
- gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengi
- þjálfist í að klippa
- vinni eftir leiðbeiningum frá kennara
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- saumi einfaldar línur á saumavél
- nýti vel efni og garn sem unnið er með

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, samræðuaðferðir, umræður og sýnikennsla

Námsefni

- saumavél, skæri, títuþrjónar, nálar og ýmis ljósrit frá kennara
- fyrra ár: Sauma einfalt munstur á léreft. Afrakstur: Koddaver.
- seinna ár: Saumavélaæfingar. Afrakstur: Einfaldur koddur úr munstruðu bómullarefni

Námsmat:

- frammistöðumat: umsögn er gefin í lok annar í fáum orðum

Hönnun og smíði

Kennari: Bryndís Harpa Magnúsdóttir

Almenn markmið:

- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni
- sýni skilning á góðri samvinnu
- þekki helstu yfirflokka verkfæra
- þekki algeng smíðaefni
- geti valið heppilegt efni til að vinna hlutinn í út frá notagildi og útliti
- finna mismunandi lausnir og velja þá heppilegustu í samræmi við notagildi hlutarins
- hafi fengist við smíði á einföldum drifbúnaði sem nýtir sér einhvern aflagjafa, t.d. vindorku, vatnsafl, togkraft, rafafli
- nemandi geti hagnýtt sér upplýsingatækni við leit að hugmyndum og mótun þeirra:

Námsgögn:

- nemendur vinnur með ýmsar viðartegundir, mdf., plast, kork auk ýmissa efna í endurvinnslukassa.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- hugmyndavinna, sköpun og umræður

Námsmat:

- Frammistöðumat – kennari notar símat í kennslustundum og metur þá verkfærni, vandvirkni, iðni og áhuga, umgengni og hegðun
- Nemendur fá umsögn í lok skólaárs

Heimilisfræði

Kennari: Natalya Gryshanina

Almenn markmið:

- Læri um hreinlæti og skaðsemi örvera
- Þjálfist í því að fara eftir skriflegum uppskriftum og gengið frá eftir sig

- Kunni að velja hentug áhöld
- Geti unnið í samvinnu við aðra
- Rifja upp þætti umhverfisvernd

Námsgögn:

- Gott og gagnlegt 1
- Hollt og gott 3

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og vinnubókarkennsla

Námsmat:

- frammistöðumat – nemendur metnir eftir frammistöðu og fá umsögn í lok skólaárs

Fjölgreindaval 4.-5. bekkur

Kennari: umsjónarkennarar, sérgreinakennarar og stuðningsfulltrúar

Unnið er eftir kenningu Gardners um fjölgreindir. Nemendum er skipt á stöðvar þar sem þeir vinna verkefni sem koma inn á margar greindir í einu. Verkefnin eru tengd áhugasviði og getu nemenda.

Námsgögn:

- breytileg eftir vinnustöðvum, bæði hlutbundin og huglæg

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- fjölbreyttir kennsluhættir

Námsmat:

- sjálfmat – nemendur meta sjálfir eftir hverja stöð
- verkmöppumat – verkefnum safnað í ferilmöppu

Íþróttir

Kennarar: Ásgerður Bjarklind, Skúli Sigurðsson, Rafn Markús og Þórir Rafn

Almenn markmið

- að stuðla að eflingu líkamsþroska, auka heilbrigði og þrek.
- að efla líkamsvitund og hæfileika til tjáningar og sköpunar.
- að öðlast aukinn félags- og siðgæðisþroska og aukið sjálfstraust.

Námsgögn:

- öll almenn áhöld íþróttahúsa

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- mat á frammistöðu í tímum – virkni nemenda í tímum skráð til bókar, gildir 50%
- frammistöðumat – verklegt próf, gildir 50%
- nemendur fá einkunn í tölum

SundKennarar: Ásgerður Bjarklind og Þórir Rafn

Almenn markmið

Unnið eftir 4. og 5. sundstigi

- 25 m bringusund (4.sundstigi)/75 m bringusund (5.sundstigi)
- 15 m skólabaksund (4.sundstigi)/ 25 m skólabaksund (5.sundstigi)
- 12 m skriðsund (4.sundstigi)/ 25 m skriðsund m/sundfit (5.sundstigi)
- 12 m baksund (4.sundstigi)/ 12 m baksund (5.sundstigi)
- Flugsundsfótatök (4.sundstigi)/ 10 m flugsundsfótatök (5.sundstigi)
- Stunga úr kropstöðu af bakka (4.sundstigi)/ stunga af bakka (5.sundstigi)
- Hlutur sóttur á 1-2 m dýpi eftir 3.ja m kafsund (5.sundstigi)
- Troða marvaða í 20-30 sek (5.sundstigi)
- Sund í fötum (5.sundstigi)

Námsgögn:

- öll almenn áhöld sundlauga

Kennsluaðferðir og vinnubrögð

- bein kennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar

Námsmat:

- verklegt próf, nemendur 4. bekkjar taka 4. sundstigi og nemendur 5. bekkjar taka 5. sundstigi. Nemendur verða að ná öllum markmiðum.
- Lokið/ólókið